



Apríl 2021

Ágætu félagar

Fræðslufundur og aðalfundur

Síðasti ör-fræðslufundur þessa skólaárs í félagi um Uppbyggingu verður fimmtudaginn 29. apríl kl. 15:00. Hildur Karlsdóttir fjallar um Uppeldi til ábyrgðar í tengslum við leiðsagnarmat og vaxandi hugarfar.

Fundurinn verður rafrænn og verður slóðin sett á Facebook síðu félagsins (Uppbygging sjálfsga – uppeldi til ábyrgðar).

Eftir fræðslufundinn verður aðalfundur félagsins en skv. lögum félagsins á að halda hann á hverju ári.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og ritara. (Lagt til að Katrín, ritari stjórnar skrái fundargerð)
2. Skýrsla stjórnar. (Formaður fer yfir starfið á árinu 2020)
3. Lagðir fram ársreikningar, undirritaðir af skoðunarmönnum félagsins. (Sveinbjörn gjaldkeri kynnir)
4. Tillögur til lagabreytinga. (Engar tillögur hafa borist)
5. Kosning formanns. (Ekki kosningaár)
6. Kosning meðstjórnenda og varamanna. (Ekki kosningaár)
7. Kosning skoðunarmanna reikninga. (Ekki kosningaár)
8. Ákvörðun um árgjöld. (Ekki lagðar til breytingar)
9. Önnur mál.

Gaman verður að sjá ykkur sem flest á fundinum og ég bið ykkur sem fáíð þennan póst að láta sem flesta vita.

Ég hvet ykkur til að vinna með uppbygginguna núna á vordögum. Takið uppbyggingaverkefni með ykkur í útikennsluna. Það er gott að rifja hana upp í margskonar aðstæðum.

Með bestu kveðjum f.h. stjórnar

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður félagsins Uppbygging sjálfsga

Netfang: gudbjorgms@grindavik.is